











Eiturefnamerki

Merkin og upplýsingarnar eru af heimasíðu [Umhverfisstofnunar](#). Birt í tengslum við námsefnið [Geimálfurinn frá Varslys](#).

	<p><i>Sterkt eitur.</i> Efni sem eru banvæn í litlum styrk. Ekki leyfð í almennri sölu.</p>
	<p><i>Eitur.</i> Efni sem eru banvæn í litlum styrk. Ekki leyfð í almennri sölu.</p>
	<p><i>Hættulegt heilsu.</i> Efni sem hafa heilsuspillandi áhrif við langa notkun eða í miklum styrk s.s. rokgjörn leysiefni í olíuvörum.</p>
	<p><i>Ætandi.</i> Efni sem valda alvarlegum skaða við snertingu s.s. hreinsiefni, uppþvottavélaefni og stíflueyðir.</p>
	<p><i>Ertandi.</i> Efni sem valda ertingu, roða og sviða í húð, öndunarferum og augum s.s. mörg þvotta- og hreinsiefni.</p>
	<p><i>Sprengifimt.</i> Varhugaverð efni vegna sprengihættu.</p>

	<p><i>Afar eldfimt.</i> Olíuefni og úðabrusar sem innihalda eldfimt dreifgas.</p>
	<p><i>Mjög eldfimt.</i> Olíuefni og úðabrusar sem innihalda eldfimt dreifgas. Ekki eins eldfimt og efni sem merkt eru <i>Afar eldfim</i>.</p>
	<p><i>Eldnærandi.</i> Efni sem eru eldfim þegar brennanleg efni eru til staðar, einnig sprengifim.</p>
	<p><i>Hættulegt umhverfinu.</i> Efni sem safnast fyrir í lífríkinu, eitruð fyrir lífverur og ósoneyðandi.</p>

Slysavarnafélagið Landsbjörg. Skógarhlíð 14. 105 Reykjavík. Sími: 570 5900.
Fax: 570 5901. Veffang: skrifstofa@landsbjorg.is Vefslóð: www.landsbjorg.is